

Efnistaka í landi Skálabrekku, Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 5. apríl 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Heiðarási ehf. um efnistöku ó landi Skálabrekku, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. 2. kafla í 1. viðauka laganna og 1. mgr. 19 gr.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar og Minjastofnunar Íslands en það var mat stofnunarinnar að fyrirbyggjandi umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Þingvallanefndar og Umhverfisstofnunar vegna beiðni Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins um undanþágu skv. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns vegna starfsleyfis fyrir námu í landi Skálabrekku, náma E3, væru fullnægjandi til að byggja ákvörðun á. Stofnunin sendi þó erindi til þessara aðila og gaf þeim kost á að veita umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar ef þeir teldu ástæðu til en fékk þau svör að þess gerðist ekki þörf.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnistaka á efnistökusvæðinu E3 í landi Skálabrekku í Bláskógabyggð Tilkynning. Heiðarás – Efla. Apríl 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð þann 15. júní 2023
- Minjastofnun Íslands þann 23. júní 2023

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í um 33.000 m³ efnistöku af námusvæði sem er 2 ha að stærð skv. Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 en samkvæmt skipulagi er heimilt að taka allt að 50.000 m³ úr námunni. Á árunum 2004-06 voru teknir um 4.700 m³ af efni úr námunni af fyrri eigendum jarðarinnar. Náman er skammt vestan Þingvallavegar og er lítt sýnileg frá vegi. Aðkoma er um núverandi vegslóða frá Þingvallavegi. Efnistakan fer þannig fram að grafa verður notuð til ámoksturs beint á vörubíla. Efnistaka verður ekki samfelld og grafan ekki látin standa í námunni milli þess sem efni er tekið. Ekki er gert ráð fyrir mölun eða hörpun jarðefna í námunni, þó slíkt sé ekki útilokað síðar og yrði það þá tímabundin aðgerð. Ekki er gert ráð fyrir að efni verði safnað upp í malarhauga. Megin markmið með efnistökkunni er að nýta efni í vegagerð vegna frístundabyggðar og vegna annarra framkvæmda á næstu 6 árum, án þess að sækja þurfi efni um langan veg.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Fram kemur að efnistökusvæðið E3 sé innan vatnasviðs Þingvallavatns og falli því undir reglugerð nr. 650/2006. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Ekki verða geymd olíur eða önnur mengandi efni í námunni og vélar og tæki verða ekki á staðnum nema meðan á vinnslu stendur. Ekki er talið að hætta verði á mengun á vatnasviðinu. Fram kemur að efnistökusvæðið verði sýnilegt á stuttum kafla frá Þingvallavegi, en er engu að síður í nokkurri fjarlægð frá veginum. Svæðinu hefur verið raskað vegna fyrri efnistöku en mögulegt er að draga frekar úr sýnileika með landmótun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að varðandi efnistöku innan vatnsverndarsvæðis sé ekki mikil hætta á mengun vegna olíuleka þar sem ekki verður viðvera tækja í námunni og telur stofnunin að umrædd efnistaka muni í sjálfu sér ekki vera líkleg til að hafa neikvæð áhrif á verndarsvæði vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Í umsögn Þingvallanefndar er fallist á að það sé til bóta að sækja malarefni í fyrrgreinda námu í stað þess að flytja það um 50-70 km leið í Þingvallasveit. Draga má úr ásýnd námunnar með mönum og tryggja þarf að ekki berist olía frá vélum og tækjum innan námunnar eða á aðkomuvegi sem geti valdið staðbundinni mengun. Að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis að framkvæmdum loknum. Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að skv. vettvangsskoðun séu engar minjar í námunda við gömlu námuna eða það svæði sem fyrirhuguð stækkun tekur til.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða efnistöku úr landi Skálabrekku í Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.



Um er að ræða umfangslitla framkvæmd og starfsemi en sem er fyrirhuguð á viðkvæmu svæði þar sem er verndarsvæði sem tekur til vatnasviðs Þingvallavatns. Samkvæmt reglugerð um verndun vatnasviðsins og lífríkis vatnsins þarf að tryggja að innan verndarsvæðisins verði yfirborðsvatni eða grunnvatni ekki spillt eða það mengað, m.a. með töku jarðefna. Fyrir liggur að ekki eru miklar líkur á að mengun geti spillt vatnasviðinu; ljóst er að ekki verða geymd mengandi efni á efnistökusvæðinu og engar vinnuvélar verða á svæðinu utan vinnslutíma sem verður ekki samfelldur. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að það er á ábyrgð framkvæmdaraðila að vinnuvélar séu yfirfarnar reglulega þannig að tryggt sé eftir fremsta megni að mengandi efni berist ekki í jarðveg. Skipulagsstofnun telur að ekki eigi að vera hætta á neikvæðum áhrifum á vatnasvið Þingvallavatns við fyrirhugaða framkvæmd. Fyrir liggur að efnistaka hefur farið fram á svæðinu áður og er það því að hluta raskað en áform framkvæmdaraðila gera ráð fyrir stækkun námunnar. Með stækkun námunnar má gera ráð fyrir að hún verði meira sýnileg frá Þingvallavegi sem er mjög fjölfarinn ferðamannavegur. Engu að síður telur Skipulagsstofnun að stækkuð náma verði lítt sýnileg frá Þingvallavegi og sjónræn áhrif takmörkuð. Að mati Skipulagsstofnunar getur verið tilefni til að ráðist verði í gerð jarðvegsmana til þess að draga enn frekar úr sýnileika námunnar. Telur Skipulagsstofnun rétt að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um heimild leyfisveitenda til að krefjast þess að komið verði fyrir jarðvegs mönum ef þörf verður á.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal vernda yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Náman er staðsett yfir grunnvatnshlotinu *Þingvallastraumur Mosfellsheiði*. Það er mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin sé ólíkleg til að leiða til þess að ástand grunnvatnshlotsins eða Þingvallavatns versni.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. ágúst 2023.

Reykjavík, 28. júní 2023

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson